

# Greiðslufyrirkomulag öldrunarþjónustu í framtíðinni

Kynning á félagsfundi  
Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu  
15. febrúar 2013

Bolli Þór Bollason  
skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu, formaður nefndar  
sem undirbýr yfirfærsluna sem og vinnuhóps sem  
fjallar um breytt greiðslufyrirkomulag öldrunarþjónustu



# 1. Skipulag undirbúnings tilfærslunnar

- Nefnd um flutning öldrunarþjónustu skipuð fulltrúum þriggja ráðuneyta, sveitarfélaga og helstu hagsmunaaðila tók til starfa í nóvember 2011 og fundar um það bil mánaðarlega
- Framkvæmdahópur ráðuneytanna og sveitarfélaga undirbýr fundi og samhæfir starfið
- Ráðgjafar vinna að greiningu á ýmsum sviðum
- Sérstök upplýsingagátt á vef velferðarráðuneytisins með fundargerðum og helstu skýrslum og greinargerðum:
  - <http://www.velferdarraduneyti.is/yfirfaerslan/>



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Margir starfshópar undirbúa fjölmörg verkefni sem þarf að vinna að áður en málaflokkurinn flyst til sveitarfélaga
- Eitt umfangsmesta verkefnið sem tengist yfirfærslunni snýr að því að endurskoða frá grunni fyrirkomulag greiðslna einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum og afnema þar með svonefnt vasapeningakerfi sem hefur verið baráttumál aldraðra um langt árabil
- Þetta þýðir að í stað þess að allar lífeyrisgreiðslur þessara einstaklinga fari í gegnum Tryggingastofnun er gert ráð fyrir að þeir fái greiðslurnar beint eins og aðrir lífeyrisþegar og greiði sjálfir fyrir þjónustu á hjúkrunarheimilum í samræmi við kostnað



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Kjarninn í þessari hugmyndafræði er að sem mest jafnræði ríki á milli þeirra einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum og þeirra sem búa heima
- Jafnframt er það haft að leiðarljósi að nýtt fyrirkomulag skapi forsendur fyrir auknu valfrelsi einstaklinga til að ákvarða hvaða þjónustu þeir vilja fá á hjúkrunarheimilum
- Samkvæmt þessum hugmyndum myndu einstaklingar á hjúkrunarheimilum greiða húsaleigu og annan kostnað sem fylgir venjulegu heimilishaldi. Sömuleiðis greiði þeir fyrir lyf og sérfræðilæknisþjónustu eftir almennum reglum
- Sveitarfélögin greiði hins vegar laun starfsmanna í hjúkrun og umönnun



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Vinnuhópurinn hefur kynnt sér það greiðslufyrirkomulag sem hefur lengi verið við lýði í Danmörku og gefist vel
- Í Danmörku greiða sveitarfélögin fyrir laun starfsmanna í umönnun en íbúarnir fyrir þann kostnað sem tilheyrir heimilishaldi
- Umtalsvert valfrelsi er í danska kerfinu um hvaða þjónustubættir eru keyptir á hjúkrunarheimilunum en í reynd kaupa langflestir fullt fæði og fulla þjónustu
- Þessir kostnaðarliðir eru breytilegir eftir sveitarfélögum en sömu fjárhæðir gilda á öllum hjúkrunarheimilum innan hvers sveitarfélags



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Í sveitarfélaginu Gladsaxe í útjaðri Kaupmannahafnar kostar t.d. fullt fæði um 70 þús.kr. á mánuði, þvottur og sængurföt 7 þúsund, klipping og fótsnyrting um 11 þúsund og annar kostnaður nam um 4 þúsund krónum
- Samtals var því greitt fyrir fullt fæði og þjónustu sem svarar til 90 þúsund íslenskra króna á mánuði á hjúkrunarheimilunum í Gladsaxe
- Þessar fjárhæðir byggja á reikningum hjúkrunarheimila í viðkomandi sveitarfélagi og eru endurskoðaðar árlega



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Greiðslur fyrir húsnæði íbúa eru hins vegar breytilegar eftir stærð og gerð húsnæðis og voru nefndar fjárhæðir liggja á bilinu 60-180 þúsund íslenskar krónur á mánuði
- Heildarkostnaður íbúa fyrir húsaleigu og uppihald í Danmörku getur þannig legið á bilinu 150-300 þúsund krónur á mánuði eftir því hvað húsaleigan er há
- Íbúarnir eiga hins vegar rétt á húsaleigubótum sem eru bæði tekju- og eignatengdar
- Engin föst viðmið voru um hvaða fjárhæðum íbúarnir gátu haldið eftir þegar allur kostnaður hafði verið greiddur en dæmi voru um 30 þúsund krónur á mánuði sem er talsvert undir núverandi vasapeningum 50 þ.kr.



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Vinnuhópurinn hefur verið að skoða ýmis reiknidæmi sem taka mið af danska kerfinu sem og þeim fjárhæðum sem nú eru fyrir hendi í íslenska kerfinu
- Varðandi almennan rekstrarkostnað við heimilishald er gengið út frá tölum úr reikningum hjúkrunarheimila
- Húsnæðisliðurinn er líklega stærsta álitamálið en í dæmunum er gert ráð fyrir að húsaleiga verði breytileg og taki mið af stærð og gerð húsnæðis líkt og í danska kerfinu
- Jafnframt er gert ráð fyrir að einstaklingar fái húsnæðisbætur sem verði bæði tekju- og eignatengdar





## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Sé reiknað út frá gildandi daggjöldum fæst sú niðurstaða að heildarkostnaður á einstakling á hjúkrunarheimili sé nálægt 700 þúsund krónum á mánuði
- Í þeirri tölu er allur rekstrarkostnaður hjúkrunarheimila, ss. húsaleiga, matur, þvottur, þrif o.fl., auk hjúkrunar-, lækna- og lyfjakostnaðar
- Hámarksgreiðsla einstaklings sem býr á hjúkrunarheimili nemur 312 þúsund krónum á mánuði en segja má að lágmarksgreiðsla nemi um 161 þúsund krónum, þ.e. 211 þúsund króna lágmarksframfærslutrygging til einstaklinga að frádreginni 50 þúsund króna greiðslu vasapeninga



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Þessar tölur eru nokkuð nálægt þeim hámarks- og lágmarksfjárhæðum sem eru í danska kerfinu
- Í vinnuhópnum er unnið að nánari útfærslu á einstökum kostnaðarliðum
- Meðal annars þarf að ákveða hámarks- og lágmarksgreiðslu fyrir dvöl á hjúkrunarheimilum sem, líkt og í danska kerfinu, ræðst fyrst og fremst af húsaleigunni
- Ljóst er að greiðslur einstaklinga geta orðið hærri en hinir tekjulægst ráða við
- Þess vegna er til skoðunar að þeir fái húsnæðisbætur líkt og aðrir sem væru bæði tekju- og eignatengdar



## 2. Tillögur um breytt greiðslufyrirkomulag

- Til að meta áhrif þessara hugmynda þarf að skoða upplýsingar um tekju- og eignadreifingu aldraðra
- Slíkar upplýsingar gagnast líka við að meta áhrif fjölgunar aldraðra á kostnað vegna öldrunarþjónustu
- Nýtt greiðslufyrirkomulag á framangreindum forsendum kallar á endurskoðun daggjalda, m.a. vegna aukins vægis fasteignakostnaðar í greiðslunum
- Það þarf að greina mögulega veikleika í fjármögnun öldrunarþjónustunnar í dag
- Sömuleiðis þarf að skoða mögulega hagræðingu vegna samþættingar við félagsþjónustu sveitarfélaga



### 3. Lokaorð

- Tilfærslan er hluti af stefnumörkun stjórnvalda um að tryggja öldruðum góða þjónustu, stuðla að samþættingu nærbjónustu við íbúana og styrkja sveitarstjórnarstigið
- Flutningur öldrunarþjónustu til sveitarfélaga er viðamikilið viðfangsefni sem krefst mikillar skipulagningar og því er mikilvægt að taka þann tíma sem verkefnið krefst
- Sveitarfélögin þurfa góðan tíma til að búa sig undir að taka við þessu verkefni og mikilvægt að allar ákvarðanir sem tengjast yfirfærslunni liggi fyrir með nægum fyrirvara



### 3. Lokaorð

- Endurskoðun greiðslufyrirkomulags einstaklinga á hjúkrunarheimilum með afnámi vasapeningakerfis og upptöku sértækra greiðslna fyrir húsaleigu og annan kostnað sem fylgir heimilishaldi er réttlætismál og löngu tímabær en þetta er vandasamt og tímafrekt verkefni
- Eins segir sig sjálft að fjárhagsrammi yfirfærslunnar þarf að liggja fyrir með góðum fyrirvara. Þar eru ýmis stór verkefni, ss. að meta kostnaðaráhrif fjölgunar aldraðra, greina veikleika í fjármögnun þjónustunnar í dag o.fl.
- Gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimilin er enn eitt stóra verkefnið sem kallar á skýra kröfulýsingu og kostnaðargreiningu á einstökum þjónustupáttum



### 3. Lokaorð

- Þá þarf að hafa í huga að þær lagabreytingar sem hér um ræðir eru umfangsmiklar og mikilvægt að vanda undirbúning þeirra, ekki síst ef færa á lög um málefni aldraðra inn í almenna löggjöf
- Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að niðurstaða úr endurmati á tilfærslu málaflokks fatlaðra liggi fyrir áður en öldrunarþjónustan flyst yfir en það verður árið 2014
- Ársbyrjun 2015 sýnist því fyrsti mögulegi tímapunktur fyrir yfirfærslu á öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna
- Til þess að svo verði þurfa allar helstu ákvarðanir varðandi ofangreinda þætti að liggja fyrir um næstu áramót og lagasetningin afgreidd fyrir mitt næsta ár

